

Starfshópur um forvarnir í Hafnarfirði

Skýrsla um helstu forvarnarverkefni og tillögur um leiðir til að efla forvarnir í Hafnarfirði



Fræðsluráð

23. ágúst 2019

Mál nr. 1811357

Fræðsluráð ákvað á fundi sínum 5. desember 2018 að skipa starfshóp til að skoða forvarnir í Hafnarfirði eftir að Hafnarfjarðarbæ barst undirskriftarlisti foreldra í kjölfar málþings foreldraráðs Hafnarfjarðar. Málþing foreldraráðsins var 14. nóvember 2018 og mættu um 120 manns.

Ályktun málþings „Ekki barnið mitt“ 1811357

Lagður fram undirskriftarlisti frá málþingi foreldraráðs Hafnarfjarðar „Ekki barnið mitt“.

Fræðsluráð þakkar Foreldraráði Hafnarfjarðar fyrir að standa fyrir málþingi um forvarnarmál í Hafnarfirði. Foreldraráði er einnig þakkað fyrir ályktun þá sem liggur undir málinu.

Fræðsluráð samþykkir að skipaður verði starfshópur þar sem aðilar bæði frá foreldraráði Hafnarfjarðar og fagfólk sitji í. Meginmarkmið starfshópsins á að vera að draga upp yfirlit yfir helstu verkefni sem eru í gangi í dag, meta þau og skoða ásamt því að koma með hugmyndir að nýjum verkefnum og stuðla að því að Hafnarfjörður verði leiðandi í forvörnum fyrir ungmenni í Hafnarfirði

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að meginverkefnið er að draga upp yfirlit yfir helstu forvarnaverkefni sem unnið er að í Hafnarfirði, safna upplýsingum um forvarnaverkefni sem eru í vinnslu og leggja fram hugmyndir, sé þess þörf að nýjum verkefnum eða nálgunum varðandi forvarnir. Starfshópnum var ætlað að skilgreina hugtakið forvarnir þannig að starfshópurinn hafi sameiginlegan skilning.

Hópurinn átti að kalla til aðila sem tengjast forvörnum í Hafnarfirði og fá upplýsingar hjá þeim um verkefni og áherslur viðkomandi aðila. Hópurinn skal kalla til fulltrúa lögreglu, Brúarinnar, fræðslu- og frístundarþjónustu, félagsþjónustu og barnarverndar, fulltrúa heilsugæslu, fulltrúa ungmennaráðs og fleiri aðila sé þess þörf.

Í kjölfarið á hópurinn að skila af sér skýrslu þar sem helstu forvarnaverkefni og samspil þeirra eru tekin saman. Leggja fram tillögur um leiðir til að efla forvarnir í Hafnarfirði í samvinnu við aðila eins og lögreglu og foreldra. Hópurinn skal fylgja eftir og hafa markmið heilsubæjarins Hafnarfjörður sem leiðarstef í allri vinnu sinni.

Hópurinn hittist að jafnaði á tveggja vikna fresti samtals í 6 skipti. Hópurinn skili yfirliti og tillögum sínum þann eigi síðar en 25. apríl 2019. Heimilt er að funda í allt að 6 skipti án frekari samþykkis fræðsluráðs. Fundargerðir voru lagðar fyrir fræðsluráð hverju sinni. Allar fundargerðir hópsins eru aftast í skýrslu þessari og eru fundargerðirnar yfirlit yfir helstu forvarnaverkefni í Hafnarfirði.

Viðbótarheimild fékkst hjá fræðsluráði um vorið um að funda í 8 skipti og skila inn skýrslunni síðar en áætlað var.

Starfshópurinn var skipaður eftirtöldum aðilum:

Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar, formaður hópsins

Kristjana Jokumsen, deildarstjóri tómstundapjónustu Víðistaðaskóla

María Gígja Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla

Kolbrún Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla

Ásdís Hanna Pálsdóttir, fulltrúi foreldraráðs Hafnarfjarðar

Anna Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi foreldraráðs Hafnarfjarðar

Haukur Haraldsson, sálfræðingur fjölskyldupjónustu Hafnarfjarðar

Íris Dögg H. Marteinsdóttir, fjölskyldu- og skólapjónustu BRÚARINNAR, ritari hópsins



Starf hópsins

Kallaðir voru til starfshópsins fjölmargir aðilar en í lok skýrslunnar koma allar fundargerðir hópsins fram og þar má lesa betur um áherslur hvers og eins aðila. Eftirfarandi aðilar sóttu fund hópsins og fjölluðu hver um sitt fagsvið.

Þann 6. febrúar kom **Kristrún Sigurjónsdóttir**, kennsluráðgjafi fjölmennningar hjá fræðslu- og frístundarþjónustu Hafnarfjarðarbæjar og fjallaði um stöðu barna innflytjenda.

Þann 6. febrúar kom **Ilmur Dögg Nielsdóttir**, skólahjúkrunarfræðingur Víðistaðaskóla og fjallaði um breytt hlutverk skólahjúkrunarfræðinga gagnvart forvörnum og fræðslu.

Þann 6. mars kom **Vigfús Hallgrímsson**, þróunarfulltrúi grunnskóla frá fræðslu- og frístundarþjónustu Hafnarfjarðar og fjallaði um forvarnir í grunnskólum bæjarins.

Þann 6. mars kom **Íris Dögg H. Marteinsdóttir**, sérfræðingur hjá fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR og sagði frá nýju verklagi BRÚARINNAR sem verið er að þróa inn í Hafnarfjarðarbæ og fór hún yfir hvernig fyrsti veturinn hefur gengið.

Þann 20. mars kom **Birgir Örn Guðjónsson**, lögreglumaður og ræddi um forvarnastarf lögreglunnar og nýtt tilraunarverkefni á vegum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbæjar.

Þann 20. mars kom **Helena Unnarsdóttir**, deildarstjóri Barnaverndar í Hafnarfirði og fjallaði um barnavernd og forvarnaáherslur fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði.

Þann 10. apríl kom **Rafn M. Jónsson**, verkefnastjóri, áfengis- og vímuvarna hjá Embætti Landlæknis og fór yfir áherslur í forvarnavinnu hjá Embætti Landlæknis.

Þann 10. apríl kom **Birta Guðný Árnadóttir** fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar og ræddi um áherslur unga fólksins í forvörnum og hvað Ungmennaráð Hafnarfjarðar hefur verið að skoða gagnvart forvörnum.

Þann 24. apríl kom **Ægir Örn Sigurgeirsson** deildarstjóri stoðdeildar í málefnum hælisleitenda og flóttafólks (HOF) og fjallaði um stöðu hælisleitenda og þjónustu við þá.

Starfshópurinn vann í sameiningu úr þeim upplýsingum sem fengust af hverjum og einum fundi og mótuðu úr þeim upplýsingum niðurstöður hópsins.

Samantekt starfshóps

Forvarnir er hugtak sem er mörgum tamt en skilgreining á hugtakinu er víð og kannski ekki öllum sameiginleg, því átti hópurinn að sammælast um eina skilgreiningu til að tryggja sameiginlegan skilning á úrræðum, verkefnum, áherslum og forvörnum. Niðurstaða hópsins á skilgreiningu hugtaksins varð því:

Forvarnir eru aðgerðir sem beinast að samfélaginu öllu, hópum eða einstaklingum.

Þær miða að því að efla andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði einstaklinga, fyrirbyggja sjúkdóma, slys og hættur.

Forvarnir beita viðeigandi aðgerðum til að greina frávík s.s. áhættuhópa þannig að hægt sé að bregðast við og beita snemmtækri íhlutun.

Stærsta forvarnarstarfið í Hafnarfirði er íþrótt-, frístund- og skólastarfið, markmið þess starfs er að byggja upp börn á jákvæðan og hvetjandi hátt. Fyrir þau börn sem eru í áhættuhópi, sem getur verið af ýmsum ástæðum, getur skólinn komið mjög sterkur inn og tryggt þeim jákvæð og örugg tengsl. Mikilvægt er að börnin eigi örugga höfn í skólanum einhverjar manneskju sem þau geta leitað til og treyst, jákvætt og hlýtt viðhorf starfsfólks þar sem það mætir börnum af skilningi og kærleik getur haft gríðarlega mikil jákvæð áhrif á framtíðarhorfur barns.

Umræðan um lífsleiknikennslu var fremur hávær á flestum fundum starfshópsins, bæði hjá því fagfólki sem kom og kynnti starf sitt og sína nálgun í forvarnavinnu og einnig hjá meðlimum starfshópsins.

Í því samhengi var sérstaklega farið í það hversu mikilvægt sé að efla sálfélagslega færni nemenda og auka andlega vellíðan þeirra. Þar er hlutverk skólans áfram veigamikil, því það þarf að lesa í aðstæður barns, lesa í félagshæfni þeirra, tryggja að börn eigi sér örugga höfn innan skólans og kortleggja stöðu barna innan skólans sem utan hans.

Skóla- og uppeldiskerfi Hafnarfjarðarbæjar þarf að tryggja að fræðslan sé góð og að alltaf sé notast við góðar, viðurkenndar, gagnreyndar, kennslu- og forvarnaðferðir í vinnu með börnum. Skólinn er í ákaflega góðri stöðu til að vinna með og efla jákvæða upplifun barna á sjálfum sér, rækta hæfileika þeirra og persónuleika.

Því er mikilvægt að skólar setji fram markmið og áherslur í lífsleikni þar sem tekið er mið af aldri og þroskaskeiði nemenda og byggji kennslu upp á námsefni þar sem áhersla er lögð á færni einstaklingsins til að takast á við þau verkefni sem verða á vegi hans í lífinu. Námsefni sem hefur verið þróað til að fyrirbyggja sálræn vandkvæði nemenda ásamt því að koma í veg fyrir heilsu- og hegðunarvanda. Þá er gríðarlega mikilvægt að styðja við og valdefla starfsfólk leik- og grunnskólanna og frístundaheimilanna/félagsmiðstöðvanna, með fræðslu og fleiri leiðum til að tryggja velferð þeirra, vellíðan starfsfólks eykur á vellíðan barnanna.

Áherslan er í Hafnarfirði á jákvæðar forvarnir þar sem markmiðið er m.a. að virkja börnin í skipulagt frístundastarf. Fjölmargir aðilar eru að vinna góða forvarnavinnu í Hafnarfirði og sérstaklega má binda vonir við nýtt verklag BRÚARINNAR hjá Hafnarfjarðarbæ og svo tilraunaverkefni í samstarfi við Lögreglustjóran á Höfuðborgarsvæðinu. Bæði BRÚIN og svo samstarfi við lögregluna eru nálganir sem ættu að skila góðum forvarnaárangri þegar fram sækir.

Mikil umræða skapaðist um þá einstaklinga sem falla ekki alveg að kerfinu okkar. Börn sem koma hingað til lands sem hælisleitendur og börn sem eru af erlendum uppruna. Þetta eru einstaklingar sem við þurfum að ná til, þeirra og foreldranna. Í forvarnavinnu samfélagsins okkar þarf fyrst og fremst að finna leiðir til að ná til foreldranna, styðja þau áfram, kynna þau fyrir nýjum aðstæðum og auðvelda þeim þeirra hlutverk sem er að bera ábyrgð á velferð barna sinna.

Mikilvægt er að sveitafélagið leggi vinnu í það að kortleggja betur hvaða hópar barna það eru sem stunda ekki neinar tómstundir og skoða hvernig við mætum þeim. Gildi tómstundastarfs er mikið og tryggja þarf aðgengi allra barna að tómstundum.

Helstu verkefni að mati starfshópsins sem þarf að huga að: *Tillögum hópsins er forgangsraðað eftir mikilvægi:*

1. **Endurskoða forvarnarstefnu Hafnarfjarðarbæjar.** Það er mikilvægt að Hafnarfjarðarbær hafi markvissa og sýnilega stefnu í forvarnaráherslum sínum. Forvarnastefna Hafnarfjarðar er frá árinu 2008 og er verkefnamiðuð og úr sér gengin.

Koma megí inn markvissri fræðslu um málefni sem hafa sýnt sig að hafa áhrif á líf ungs fólks í dag. Fræðsla sem er gagnreynd og með fyrirbyggjandi nálgun. Þá er mikilvægt að fræðslan sé sett fram á réttum tíma til þess að gagn sé af henni. Tillaga hópsins felst í því að búinn sé til miðlægur fræðslubanki þar sem hægt er að sækja viss efni og annað sé í höndum hvers leik- og grunnskóla fyrir sig. Mikilvægt er að það sé þverfagleg nálgun við gerð slíks fræðslubanka.

Fræðslubankinn gæti til dæmis innihaldið gögn með:

- Fræðslu um rafrettur
- Kynfræðsla frá leikskóla og upp í 10. bekk.
- Upplýsingar um fyrirlesara sem koma í skóla og geta haldið fyrirlestra sem eru fagaðilar og byggja fyrirlestra sína á upplýsingum sem hafa jákvæð áhrif.
- Fræðsla um líðan nemenda.
- Fræðsla um líðan starfsfólks.

2. **Heildstæð stefna í lífsleiknikennslu hjá Hafnarfjarðarbæ.** Móta skal heildstæða stefnu Hafnarfjarðarbæjar varðandi lífsleiknikennslu barna í leik- og grunnskólum bæjarins. Stefnan skal byggja á gagnreyndum aðferðum, vera stigskipt eftir aldri nemenda og unnið með námsefni sem hentar hverjum aldurshópi. Skólar geri lífsleikniáætlun þar sem tryggt er að nemendur fái lágmarkskennslu í hverjum grunnpætti stefnunnar.

Geðheilbrigði er undirstaða getu einstaklingsins til þess að hugsa skýrt, sýna tilfinningar, eiga í jákvæðum samskiptum og njóta lífsins. Það er því óaðskiljanlegur og ómissandi hluti af heilsu mannsins. Rannsóknir á líðan barna og unglunga sýnir okkur að vanlíðan barna hefur aukist og því er jafnvel meiri þörf en áður til að efla félags- og tilfinninganám barna.

Embætti landlæknis hefur haldið lífsleikninámskeið fyrir kennara þar sem farið er yfir lífsleiknikennslu gegnum kenningar, farið yfir hvað það er sem virkar og hvað ekki og af hverju þetta sé svona mikilvæg kennsla. Lagt er til að kannað verði hvort hægt sé að fá fulltrúa frá Embætti landlæknis til að keyra slíkt námskeið fyrir kennara hjá

Hafnarfjarðarbæ til að styðja við starfsfólkið og efla allt það fagfólk sem er úti í leik- og grunnskólunum.

3. **Móta stefnu í málefnum hinsegin barna.** Móta þarf stefnu Hafnarfjarðarbæjar í málefnum mismunandi hópa hinsegin barna. Þess má geta að Reykjavíkurborg hefur gert ýmsa gátlista sem hjálpar skólum við móttöku transbarna, hjálpar skólum til að verða trans-vænir o.s.frv. sem hægt væri að líta til. Einnig er mikilvægt að aukin fræðsla verði fyrir starfsfólk og nemendur í málefnum hinsegin barna, með þekkingu og skilning aukum við líkur á farsælum samskiptum og aukinni vellíðan allra einstaklinga.

Lagt er til að búinn sé til starfshópur sem gerir drög að stefnu Hafnarfjarðarbæjar. Einnig er lagt til að Samtökin '78 verði fengin til að aðlaga í sína fræðslu að ofangreindum atriðum.

4. **Kortleggja börn í áhættuhópum.** Kortleggja betur hvaða börn eru í áhættuhópum, hvaða börn eru til að mynda ekki í íþrótt- og tómstundastarfi. Rannsóknir hafa sýnt að börn lágtekjufólks og börn af erlendum uppruna eru ólíklegri til þess að stunda tómstundir utan skóla. Hér má líka sérstaklega huga að börnum hælisleitenda og þeirra stöðu.

Mikilvægt er að uppfæra heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar og gera hana aðgengilegri fyrir alla hópa samfélagsins okkar. Hafa heimasíðuna og upplýsingar um frístundastyrkinn á fleiri en einu tungumáli. Með því að auka við frístundastyrkinn má ætla að enn fleiri nýti sér hann. Móta þarf verkefni þar sem unnið er markvisst að því að bjóða þessum hópi leið inn í íþrótt- og tómstundastarf bæjarins. Tryggja þarf að markviss vinna sé alltaf í gangi þar sem kynnt er fyrir innflytjendum og þeim sem eru óvirkir félagslega hvað er í boði.

Hafnarfjarðarbær þarf að auka stuðning við einstaklinga og fjölskyldur sem eru komin hingað til lands sem hælisleitendur og tilheyra HOF nýrri deild hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Þessir einstaklingar hafa lítinn rétt og lítið utanumhald, þar eru börn sem hafa almennt ekki aðgang að íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélögunum, því þau eru ekki með kennitölu og hvergi á skrá. Það er mikilvægt að bregðast við. Sveitafélagið þarf að tryggja góðar móttökur. Við leggjum til að ráðið sé starfsfólk í húsnæði hælisleitenda á Norðurhelli og Bæjarhrauni, þar væri aðili sem gæti stutt við fullorðna og börn og veitt þeim

stuðning og vonandi stutt fjölskyldur við það að koma börnum sínum í tómstundastarf til að auka líkur á farsælli búsetu og upphafi á Íslandi.

TUFF er verkefni sem hefur gefið góða raun í Kópavogi og Breiðholti og skoða þarf möguleika á að taka það verkefni upp hér í bæ. Verkefnið snýst um að gefa öllum tækifæri á að prufa tómstundir og íþróttastarf án gjaldtöku.

Tryggja þarf að upplýsingagjöf um framboð á tómstundum og íþróttum sé öllum aðgengileg og skoða skal sérstaklega að allar upplýsingar um frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar séu skýrar og á fleiri en einu tungumáli á heimasíðu bæjarins.

5. **Styrkja tómstundamiðstöðvar.** Rannsóknir gefa til kynna að gildi góðs forvarnastarfs er töluvert. Huga þarf að því að styrkja tómstundamiðstöðvar sem reka bæði félagsmiðstöðvar og frístundaheimili með því að breyta áherslum þannig að í hverjum skóla starfi forvarnafulltrúi. Starf tómstundamiðstöðva byggir á barnalýðræði og sinna þau mikilvægu félagsstarfi.

Sem dæmi má nefna að hjá Akureyrarbæ starfa verkefnastjórar félagsmiðstöðva sem tómstunda- og forvarnafulltrúar í 100% starfi. Þeir mynda forvarnarráð sem leggur fyrir fræðsluráð stefnu og aðgerðaráætlun hvers árs. Dæmi um aðgerðaráætlanir eru drög að utanaðkomandi fræðslu sem bærinn kostar og farið er með inn í skóla og/eða félagsmiðstöðvar. Með þessu móti fá allir nemendur í skólum bæjarins sömu fræðslu á svipuðum tíma.

Það er mikilvægt að deildarstjórar tómstundamiðstöðva séu með í ráðum þegar fjallað er um forvarnir og líðan nemenda í skólastarfi.

Hópastarf í félagsmiðstöðvum þar sem markhópar eru börn í áhættuhópi ætti að vera eitt af föstu verkefnum allra félagsmiðstöðva.

6. **Auka þarf samstarf heimila og skóla.** Það er bæði hlutverk og ábyrgð skólans og foreldra að tryggja að samstarfið sé virkt. Virkni foreldra gagnvart samstarfi heimila og skóla er afar mismunandi milli skóla. Þar sem virkt foreldrasamstarf er má búast við að tekið sé frekar á málum sem tengjast líðan nemenda. Tryggja þarf að foreldrar og foreldrafélag séu í virku samstarfi við skóla um verkefni sem eru styðjandi fyrir börnin.
7. **Að til verði þverfaglegur hópur aðila sem fylgja eftir þeim áherslum sem lagt er til með skýrslu þessari.** Hópurinn myndi hittast 1 – 2 á ári og fara yfir stöðu forvarnaverkefna og koma með tillögu að úrbótum sé þess þörf.

Helstu forvarnaverkefni í Hafnarfirði sem eru að virka vel

- *Frístundastyrkur*, öll börn 6-18 ára fá niðurgreiðslu þátttökugjalda í íþrótt- og æskulýðstarf.
- Nýtt verklag *BRÚARINNAR* hjá Hafnarfjarðarbæ hefur sýnt fram á góðan árangur. Markmiðið er skýrari og skilvirkari vinnubrögð, styttri viðbragðstími og von um að það dragi úr frekari vanda hjá barni og fjölskyldu þess. BRÚIN er verklag sem styður að öllu leyti við snemmtæka íhlutun sem hefur mikið forvarnargildi þar sem reynt er að koma í veg fyrir frekari vanda hjá barni og fjölskyldu þess.
- SMT skólafærni er gagnreynd nálgun sem allir grunnskólar Hafnarfjarðarbæjar vinna eftir og sjö leikskólar. SMT er notað til að fyrirbyggja, draga úr og stöðva hegðunarfrávik og skapa nemendum jákvætt umhverfi. Þetta styður skólana í því að vera með samræmd viðbrögð og vinnubrögð. Hafnarfjarðarbær hefur viðhaldið góðri SMT þekkingu starfsfólks með því að bjóða upp á grunnmenntun PMTO, sem hefur skilað jákvæðum árangri inn í skólana. Mjög mikilvægt er að viðhalda PMTO grunnmenntun meðal starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.
- PMTO aðferðin er einnig gagnreynd nálgun. Foreldrarnámskeið eru haldin hjá Hafnarfjarðarbæ og hafa verið keyrð um nokkurt skeið. Markmið PMTO foreldrafærni námskeiðanna er að styðja foreldra áfram í sínu hlutverki og efla foreldrahæfni þeirra.
- Samstarfssamningur við Samtökin '78 um fræðslu til starfsfólks og nemenda um fjölbreytileikann hefur reynst mjög vel. Það mætti bæta í þá fræðslu og gera gott enn betra.
- Hópastarf í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsi bæjarins hefur verið að gefa góða raun og er að ná til breiðs hóps barna og unglinga, uppbyggjandi starf með mikið forvarnargildi. Þessu starfi þarf að hlúa vel að og efla.
- Nýlega hefur fræðsluefni heilsugæslunnar verið uppfært og það samræmt gagnreyndum aðferðum í forvarnarmálum einnig hefur fræðsluefni inn í skólana verið uppfært.
-
-

- Forvarnavinna lögreglunnar og Hafnarfjarðabæjar skilar árangri. Það hefur sýnt sig að vinna lögreglunnar með ungmennum sem hafa leiðst út í áhættu hegðun skilar árangri.
- Verndari barna er forvarnanámskeið gegn kynferðislegu ofbeldi sem fagfólk Hafnarfjarðabæjar sækir. Þessu námskeiði þarf að viðhalda og bjóða öllu starfsfólki sem sinnir börnum og unglingum að sækja þau.

Hafnarfirði, 23. ágúst 2019



Geir Bjarnason



Kristjana Jokumsen



María Gígja Guðmundsdóttir



Kolbrún Björnsdóttir




Ásdís Hanna Pálsdóttir



Anna Sigríður Björnsdóttir



Haukur Haraldsson



Íris Dögg H. Marteinsdóttir

Fundargerðir starfshóps

1. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Krosseyri, Linnetstíg 3,

23.01.2019 og hófst kl. 08:30

Fundinn sátu: *Geir Bjarnason*, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundaþjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir*, náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR.

Fundargerð ritaði: *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*

Geir Bjarnason fer yfir ástæðu þess að hópurinn er stofnaður;

Þessi starfshópur um forvarnir er skipaður meðal annars í kjölfar málþings sem var í haust á vegum foreldraráðs Hafnarfjarðar. Eftir málþingið skilaði foreldraráð undirskriftarlista þar sem Hafnarfjarðarbær var hvattur til að stórefla forvarnir og að úrræði fyrir börn í vanda yrðu stórefld og gripið væri fyrir inni. Í framhaldi af þessari hvatningu foreldraráðs og nýrri nálgun sem komin er í gang á vegum Hafnarfjarðarbæjar var þessi hópur settur á laggirnar.

Geir fer yfir erindisbréfið og markmið hópsins, sem eru að draga fram yfirlit um helstu forvarnir sem eru í gangi hjá bæjarfélaginu og setja fram tillögur að nýjum forvarnarnálgunum, sé þess þörf.

Hópurinn skilgreinir hugtakið forvarnir, til að tryggja að allir séu að vinna í takt og með sama skilning á hvað forvarnir eru.

Hópurinn hittist á 2ja vikna fresti til loka apríl, þá skilar hópurinn af sér lokaskýrslu með tillögum að því hvernig hægt er að efla forvarnarvinnu í Hafnarfirði.

Á hverjum fundi er rituð fundargerð sem fræðslustjóri fær senda og fer yfir með fræðsluráði.

Á næstu fundum mun hópurinn kalla til aðila sem geta upplýst nánar um stöðu forvarnamála í Hafnarfirði til dæmis fulltrúa frá barnavernd Hafnarfjarðar og leik- og grunnskólum bæjarins.

Þá verður óskað eftir því að fá fulltrúa frá lögreglunni og fjölskylduþjónustunni til að fara yfir stöðu mála með okkur.

Umræður í hópnum:

- Erum heilsueflandi samfélag, sú nálgun getur stutt við bakið á okkur í þessari vinnu.
- Stærsta forvarnarverkefnið er íþrótt- og skólastarf í heild.
- Mikilvægi þess að tryggja að fræðslan sé góð og það sé tryggt að alltaf sé notast við góða, viðurkenndar aðferðir þegar það á að forvarna/fræða börn. Keyra frekar í jákvæðar forvarnir þar sem við virkjum þau í jákvæðar frístundir. Embætti landlæknis mælir gegn fræðslu þar sem það er einn og einn fyrirlesari að koma og segja frá reynslu sinni. Þarf að vera markvissara.
- Forvarnir þurfum fyrst og fremst að finna leiðir til að ná til foreldra, þeir hafa stærsta fovernargildið í lífi barna sem og virk þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Kortleggja hvaða hópar barna það eru sem eru ekki sækja neinar tómstundir og skoða hvernig við mætum þeim.
- Hvernig fáum við foreldrana til að mæta á fræðslufundi, í viðtöl og annað?
 - Skólar vinna með foreldrafélaginu.
 - Myndband í tölvupósti til foreldra - til að ná til fleirri ?
 - Morgunfundir í skólanna frekar en eftir vinnu.
- Hvernig getum við náð til foreldra sem eru ekki að mæta á fyrirlestra o.fl., þarf að finna leið til að koma á móts við börn þessa einstaklinga. Eru oft fólk af erlendum uppruna sem fellur í þennan hóp.
 - Allt sem tengist frístundastyrk er á íslensku.
 - Niðurgreiðsla á tómstundum (rætt um nálgun hjá Kópavogsbæ og öðrum sveitafélögum sem hefur verið að reynast vel).
 - Hvernig tryggjum við að þessir einstaklingar séu að fá réttar og góðar upplýsingar?

- Skoða forvarnir út frá stigskiptingu kortleggja hvaða forvarnanálgun þarf að skoða fyrir hvert stig, hvernig er best að ná til foreldra á hverju stigi.
 - Leikskólastig.
 - Yngsta stig grunnskóla.
 - Miðstig grunnskóla.
 - Elsta stig grunnskóla.
- Hvert er hlutverk skólanna í forvarnafræðslu til foreldra? Hver á að sinna því hlutverki í skólunum?
 - Akureyri, deildarstjórar tólmstunda eru líka forvarnarfulltrúar skólanna.
 - Mikilvægt ef einhver í skólanum ber ábyrgð á forvarnarfræðslu almennt í skólunum.
- Forvarnir sem hluti af almennu skólastarfi, lífsleiknikennsla. Þarf að vera markviss heildarstefna, byggja á gagnreyndum aðferðum (EBP). Erum heilsueflandi samfélag, nota geðræktarþáttinn í þeirri nálgun til að styðjast við.
 - Félags- og tilfinningafærni
 - Fjármáslæsi
 - Kynfræðsla
 - Tryggja heildaráætlun
- Rætt um dreifingu félagsþjónustuíbúða á hverfin í Hafnarfirði ekki setja alla á sama stað.
- Raf/tölvuleikja nálgun í félagsmiðstöðvar.
 - Tryggjum þannig eftirlit með nemendum sem eru að spila tölvuleiki.
 - Aukum samskiptin í rauntíma og raunheimum.
 - Eykur líkur á að þau sækji í félagsmiðstöðvar þar sem haldið er utan vel utan um þau.
 - Símanotkun í skólum.
- Umræða um að setja þyrfti skýrar reglur og helst bann, farið yfir að það væru ekki allir grunnskólastjórnendur hlynntir því.
 - Frímínútur á unglingastigi.
 - Auka fjölda starfsmanna í frímínútum.
 - Burt með síma.

- Bjóða upp á tafl, spil o.fl.

Næstu skref:

Kristrún kennsluráðgjafi fjölmennningar kölluð á næsta fund - *ábyrgðarmaður Geir*.

Heilsugæslan mögulega á næsta fund – *ábyrgðarmaður Geir*.

Unnið að skilgreiningu hópsins á forvörnum og áherslum hópsins í tengslum við skilgreininguna – fer fram á næsta fundi 06.02.19.

Tekið upp síðar:

Skoða TUFF hjá Kópavogsbæ. Mátu hvort hægt sé að aðlaga þeirra nálgun að okkar hjá Hafnarfjarðarbæ – beðið eftir skýrslu sem átti að koma út núna um miðjan janúar.

Akureyri forvarnarfulltrúi – *ábyrgðarm. Kristjana*.

Fundi lauk kl. 09:45.

2. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Lóninu, Linnestíg 3,

06.02.2019 og hófst kl. 08:30

Fundinn sátu: *Geir Bjarnason*, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundaþjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR.

Kristrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi fjölmennningar og *Ilmur Dögg Níelsdóttir*, skólahjúkrunarfræðingur Víðistaðaskóla héldu stuttar kynningar.

Fundargerð ritaði: *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*

Geir Bjarnason fer yfir aðalatriði síðasta fundar.

Kristrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi fjölmennningar, kynnir sitt starf og fer yfir stöðu í málaflokknum.

- Rannsóknir sem hafa verið gerðar sýna að börn af erlendum uppruna taka síður þátt í tómstunda- og íþróttastarfi. Nefnd er sérstaklega ný skýrsla frá Rannsókn og greining.
- Það geta verið margar ástæður fyrir því að börn af erlendum uppruna taki síður þátt í íþrótta- og tómstundastarfi.
 - Oft erfiðara að ná til fólks
 - Ekki hefð fyrir íþróttaiðkun barna
 - Kostnaður
 - Foreldrar oft með lágar tekjur
 - Foreldrar vinna langan vinnudag

- Vita ekki af frístundastyrkjum
- Önnur krafa á börnin, þau mögulega sinna fleiri hlutverkum heima fyrir.
- Lítið bakland (t.d. þegar verið er að safna fyrir ferðum og öðru)
- Skortur á tengingu við þjálfara, hvernig er tekið á móti þessum einstaklingum
- Hægt er að auka líkur á þátttöku þessara einstaklinga m.a. með því að:
- Í skóla verði starfsmaður sem heldur sérstaklega utan um það að koma upplýsingum áleiðis til fjölskyldna af erlendum uppruna. Slíkur starfsmaður var í Lækjarskóla og með svona vinnulagi tókst að auka þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi.
 - Þarf að vera í hverjum skóla skilgreindur ábyrgðarmaður sem heldur utan um fjölskyldurnar.
 - Starfsmaður sem getur aðstoðað foreldra við að fara inn á „mínar síður“ á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar þar sem allt er á íslensku.
 - Bæta við fleiri tungumálum á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar og fleiri síður þar sem foreldrar geta nálgast upplýsingar.
 - Hafa í huga styrktarsjóð sem til er í Hafnarfjarðarbæ til að styðja við þátttöku barna af erlendum uppruna.
 - Íþróttafélögin séu með aðstoðarmann til að hjálpa börnum af erlendum uppruna til að byrja með svo þau fái gott upphaf og líklegra er að þau haldist í því íþrótt- og/eða tómstundastarfi sem þau hafa valið sér. Viðkomandi gæti tekið á móti þeim og leiðbeint áfram til að byrja með.

Umræður í hóp með Krístrúnu

- Mikilvægt að kynna þá starfsemi sem er í boði fyrir foreldrum af erlendum uppruna, erum að byrja of seint.
- Kristjana segir að nemendur af erlendum uppruna í 1. bekk séu yfirleitt að nýta sér frístundaheimilin, er ekki með á hreinu hvort þau detti fyrir út. Jafnframt segir hún mikilvægt að fá börnin þarna inn til að efla félagslega stöðu þeirra og styrkja þau í íslensku tali og á þeim forsendum eru þau oft sett í forgang inn í frístund til að tryggja þessa þætti.
- Rætt hvort hægt sé að hafa sömu umsókn um grunnskólavist og frístund til að einfalda ferlið fyrir fólk sem þekkir ekki til kerfisins, en umsóknarfrestur um grunnskólavist er 1. febrúar ár hvert og umsóknarfrestur fyrir frístund er 1. júlí, því

gæti það verið flókið. Þá vangaveltur hvort það myndi auðvelda ef búið væri til eitt plagg á nokkrum tungumálum með upplýsingum um helstu dagsetningar sem væri til dæmis hægt að hafa í leikskólum og víðar.

Krístún lýkur sinni kynningu og fær miklar þakkir fyrir mikilvægar og góðar upplýsingar.

Ilmur Dögg Níelsdóttir, hjúkrunarfræðingur Víðistaðaskóla, fer yfir nálgun skólahjúkrunarfræðinga í forvarnarmálum innan grunnskólanna.

- Ekki lengur bara áhersla á hæð, þyngd og sjón í skólaskoðun hjúkrunarfræðinga í dag. Búið er að bæta við samtali um lífsstíl og líðan nemenda. Fastar spurningar sem miðast við aldur nemenda.
- Nýlega var farið yfir allt fræðsluefni heilsugæslunnar og tryggt að það samræmist gagnreyndar aðferðir í forvarnarmálum.
- Hvert fara hjúkrunarfræðingar með upplýsingar sem þau fá í gegnum samtal við nemendur?
 - Foreldrar
 - Nemendaverndarráð
 - Námsráðgjafi
 - Lausnateymi BRÚARINNAR
 - Lausnateymi SMT
- Skólahjúkrunarfræðingar hafa farið á námskeið hjá sálfræðingi og hafa þekkingu til þess að skima fyrir kvíða með ADIS. Þannig ef grunur er um kvíða er ADIS mælitæki til að kortleggja kvíðann.
- 6h vefurinn er dottinn út og Heilsuvera komin í staðinn. Heilsuvera er eingöngu á íslensku.
- Hjúkrunarfræðingar eru með skyldufræðslu í öllum árgöngum.
 - Ilmur fór yfir þá fræðslu sem hver árgangur fær.
- Ilmur nefnir sérstaklega hversu mikilvægt það er að sú forvarnarfræðsla sem fer inn í skólana sé vel ígrunduð og nefnir þar plagg Embættis Landlæknis – Hvað virkar í forvörnum.
 - Hræðsluáróður virkar ekki

- Nefnir fræðslu sem hefur farið í einhverja skóla sem hefur haft neikvæð áhrif á börn og líðan þeirra.
- Þarf að rýna í hvern bekk og skoða hópinn, hvaða fræðslu þarf hópurinn. Eru kannski 2 einstaklingar sem þurfa aðra fræðslu en allir hinir í bekknum.
- Mögulega mætti taka þá einstaklinga úr bekk og styðja sérstaklega við þá segir Ilmur.

Umræður í hóp með Ilmi:

Ilmur er spurð hvað henni finnst vanta í forvörnum?

- Samrýmdar aðferðir og vandað val á forvarnarfyrirlesurum.
- Þá vill hún að hjúkrunarfræðingar séu með í forvarnarráði hvers skóla.

Umræðan berst í fræðsluna sem hjúkrunarfræðingar eru með í hverjum árgangi í grunnskólunum og farið yfir mikilvægi þess að aðlaga þá fræðslu að öllum. Fræðslan eigi það til að vera heldur kynjuð.

- Þá er til dæmis nefnt orðalag í bæklingnum „Líkaminn minn“ sem er fræðsla fyrir nemendur í 1. bekk. Þar er talað um kynfæri drengja og kynfæri stúlkna og ekki tekið tillit til hinsegin barna, transbarna, intersex o.fl.
- Eins er rætt um kynningu sem nemendur í 9. bekk fá um Kynheilbrigði þar er glærupakkinn til dæmis eingöngu með myndir af gagnkynhneigðum pörum og lítil áhersla lögð á hinsegin fræðslu.

Þá fer umræðan í hversu frábær fræðslan var sem starfsfólk grunnskólanna fékk frá Samtökunum '78 og því velt upp hvort slík fræðsla ætti ekki rétt á sér í fyrir alla starfsmenn í upphafi hvers skólaárs.

- Vantar alveg að það sé til ferli hjá Hafnarfjarðarbæ um aðlögun hinsegin nemenda í skólakerfið, það er gríðarlega mikið forvarnargildi í því.

Kristjana segir frá því að hjá Akureyrarbæ sé verkefnastjórar félagsmiðstöðva starfandi sem tómstunda- og forvarnarfulltrúar bæjarins. Þar sé opinber nefnd á vegum bæjarins sem skipuleggur árið í fræðslu inn í skólunum og fræðsluráð fer yfir til samþykkis. Fyrirlesarar ráðnir og fara þá í alla skólanna.

- Kristjana segir þetta geta verið eina leið til að festa ábyrgðaraðila yfir forvarnarfræðslu í hverjum skóla.
- Í grunnskólum Hafnarfjarðar eru starfandi forvarnarteymi en fulltrúar forvarnarteymanna hittast ekki á milli skóla.
 - Eðlilegra ef forvarnarvinna sé samræmd hjá bæjarfélaginu. Þar væri hægt að festa ákveðinn ramma í forvarnavinnu.

Næstu skref:

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla Hafnarfjarðar, verður boðaður á næsta fund. Óskað eftir að hann fari yfir hvað sé í námskrám grunnskólanna er varðar forvarnarfræðslu, hvernig samningur Hafnarfjarðarbæjar við Samtökin 78 er og rætt verði um hinsegin fræðslu fyrir starfsfólk skólanna.

Íris Dögg H. Marteinsdóttir, sérfræðingur hjá fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR, kynnir nýja nálgun í þjónustu við leik- og grunnskólabörn og fjölskyldur þeirra í Hafnarfirði.

Fundi lauk kl. 09:55.

3. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Krosseyri, Linnetstíg 3,

06.03.2019, kl. 08:30

Fundinn sátu:

Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundabjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólabjónusta BRÚARINNAR.

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla Hafnarfjarðarbæ og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, sérfræðingur hjá fjölskyldu- og skólabjónustu BRÚARINNAR, komu og héldu stuttar kynningar.

Fundargerð ritaði: Íris Dögg H. Marteinsdóttir

Geir Bjarnason fer yfir nokkra punkta frá síðasta fundi og býður *Vigfús* velkominn.

Vigfús fer yfir sitt starfssvið og hvernig forvarnarvinna tengist hans starfi.

Hann segir að í eðli sínu sé kennsla forvörn.

Vigfús segir frá Verndari sem er námskeið á vegum Blátt áfram og er keyrt á hálfum degi fyrir starfsfólk skóla en um 800 manns hafa sótt þessi námskeið hjá Hafnarfjarðarbæ. Þá segir hann frá því að Blátt áfram fari inn í 2. og 3. bekk grunnskólanna þar sem fjallað er um einkastaði líkamans í gegnum brúðuleikhús, skólarnir hafa val um að keyra þetta námskeið.

Hafnarfjarðarbær er svo með samning við Samtökin '78 um fræðslu til starfsfólks og nemenda. Verkefnið er hannað sérstaklega fyrir Hafnarfjarðarbæ og nýtt starfsfólk bæjarins hefur aðgang að þessari fræðslu í upphafi hvers skólaárs. Upphaflega var það fræðsluráð

sem tók ákvörðun um að fá Samtökin '78 til liðs við Hafnarfjarðarbæ og hluti af samningnum er að hinsegin unglingar og foreldrar geta fengið ókeypis ráðgjöf frá Samtökunum '78.

Fræðslan er keyrð annars vegar fyrir starfsfólk og hins vegar fyrir nemendur í 8. bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar. Fræðslan er inn í 8. bekk meðal annars vegna þess að betra er að halda utan um og halda við fræðslunni á þann hátt. Umsjónarkennari er alltaf inn í bekk þegar fyrirlesarar frá Samtökunum '78 eru með fræðsluna.

Vígfús segir ákveðinn vanda í utanaðkomandi fræðslu þegar það kemur að því að fylgja henni eftir og svo alltaf spurning hversu mikið eigum við að fara til utanaðkomandi aðila og hversu mikið eigum við að gera sjálf.

Geir Bjarnason kemur inn á geðfræðslu Hugrúnar. Hann segir að fræðsluráð hafi verið að svara kalli um aukna fræðslu er varðar líðan barna og unglinga. Hugrún búið að fara hring í 9. bekkjum grunnskólanna.

Umræða í tengslum við þessa fræðslu. Mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um fræðsluna áður og að það sé fulltrúi skóla inni í bekk þegar fræðslan fer fram svo hægt sé að fylgja fræðslunni eftir innan skólans, það sé mikilvægt ef það á að vera valdefling, þá þarf skólinn að geta tekið við og haldið áfram með fræðsluna. Einnig var rætt hvernig við nálgumst fræðslu og samtöl almennt um líðan barna. Mikilvægi þess að byrja fræðslu fyrir og einblína á félags- og tilfinningaþjálfun hjá nemendum snemma, ef við erum með geðræktarfræðslu innan skólanna þá þekkja börnin sínar eigin tilfinningar og annarra fyrir og auðveldara fyrir þau að vinna með þær.

Vígfús heldur áfram að segja frá þeirri forvarnarfræðslu sem er inn í grunnskólunum.

Jón Jónsson fer í 8. bekk og er að fjalla um jákvæðan lífsstíl. Fjallar um rafrettur, munntóbak o.fl.

KVAN – Hafnarfjarðarbær kaupir það verkefni fyrir umsjónarkennara í 5. bekkjum grunnskólanna, einhverjir skólar völdu að umsjónakennarar í 6. bekk færu frekar.

Þá hafa u.þ.b. 25 kennarar settið námskeið KVAN. Hugmyndin er sú að metta miðstigið, það er fara hringinn, velja þá sérstaklega hvaða kennarar á miðstigi vantar fræðsluna. KVAN gengur út á að styrkja samskiptin í bekknum. Vígfús segir kennara almennt ánægða með þetta námskeið.

SMT – ákveðin þáttur forvarna.

PMTO – núna erum við að horfa á hvað er á undan hegðuninni. Talar um SEL (e. Social-Emotional learning) félags- og tilfinningafærni, í því samhengi. Vigfús segir okkur ekki eiga beint námskrá fyrir félags- tilfinninga- og hegðunarfærni.

Vigfús fer aðeins í aðalnámskrá, hvergi beint gert ráð fyrir forvörnum í viðmiðunarstundaskrá.

Lífsleikni fellur til dæmis undir samfélagsgreinakennslu – stendur ekki í aðalnámskrá hvaða greinar eiga að fá mikinn tíma þá er það Hafnarfjarðarbæjar eða hvers skóla að ákveða það. Undir samfélagsfræðinni eru þau viðfangsefni sem við erum að fást við í tengslum við forvarnir. Samfélagfræðikennarar hafa gagnrýnt þetta. Eiga að sinna þessum viðfangsefnum þar sem við erum að fást við forvarnir.

Vigfús ræðir um aðalnámskrá og breyttar áherslur þar. Árið 1999 var settur auka kraftur í lífsleiknikennslu og tölvukennslu og veltir upp hvort það hafi verið á kostnað íslenskukennslu. Þá segir hann að við séum að skipta um kerfi, erum að fara frá markmiðasetningarkennslu yfir í hæfniviðmið.

Þá segir Vigfús frá forvarnaráætlun sem er aðgengileg starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar á innríf sveitarfélagsins.

Starfshópar sem eru í gangi

- Starfshópur þar sem verið er að skoða að búa til ramma fyrir starfsmenn skólanna með áherslum á samskipti foreldra og starfsfólks. Mikilvægt að hafa fast verklag sem allir aðilar geta stuðst við. Vigfús reiknar með að starfshópurinn skili þessu af sér í vor. Ætti að vera fyrirbyggjandi.
- Þá er starfshópur kominn í gang sem vinnur að því að samræma skráningar og viðbrögð skóla í tengslum við fjarvistir nemenda. Áætlað er að það verklag verði samvinnuverkefni allra grunnskólanna í Hafnarfirði. Hvað þarf að gera áður en málum er vísað til Barnaverndar eða í BRÚNNA. Vigfús segir að þetta verðir kynnt 3. maí og þá skoðað hvort það sé samstaða fyrir því að keyra þetta, sama regla fyrir alla.

Umræður með Vigfúsi

Samskipti foreldra og kennara, vangaveltur um það verklag. Útskýrt að þetta snúist einna helst um að starfsfólk hafi verklag til að styðjast við og vísa í ef upp koma samskipti sem eru t.d. flókin.

Talað um mikið efni í hverju fagi, undirgreinar í samfélagsfræði séu 9 og þar undir sé til dæmis lífsleiknikennsla. Þá er rætt að það geti verið þungt fyrir kennara að ná utan um 9 námsgreinar. Velt upp hvort bærinn þurfi ekki að festa stefnu er varðar geðrækt og/eða lífsleiknikennslu í leik- og grunnskólum bæjarins.

Farið yfir lífsleiknikennslu sem afgangsfag. Hverjir kenna það? Hvaða efni? Af hverju er ekki skýr stefna. Það er mikil forvörn í því að hafa markmiðin skýr og að þau skiptist skýrt á milli bekkjadeilda.

Við þökkum Vigfúsi kærlega fyrir góða yfirferð.

Íris Dögg kynnir BRÚNNA, nýtt verklag sem verið er að þróa hjá Hafnarfjarðarbæ.

Það hafa verið gerðar ótal margar skýrslur þar sem fjallað er um líðan barna og unglinga og mikilvægi þess að við grípum fyrir inn í til að koma í veg fyrir að vandi aukist. Þá hafa þessar skýrslur einnig fjallað um hve óljós ábyrgðarskiptin eru, hver á að gera hvað og hver ber ábyrgð á vinnslu máls og mikilvægi þess að stigskipta þjónustunni. Þetta er það sem Hafnarfjarðarbær er að reyna að bæta með nýju verklagi BRÚARINNAR.

Íris fer lauslega yfir það hvernig þróun BRÚARINNAR hefur verið og að vinnuferlið hafi hafist haustið 2016.

Markmið BRÚARINNAR eru meðal annars, að auka lífsgæði barna og fjölskyldna í Hafnarfirði með því að auka þjónustu á fyrri stigum. Þá er eitt af markmiðunum að auka samvinnu á milli fræðslu- og frístundaþjónustu og fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og nýta þau úrræði og sérþekkingu sem er nú til staðar hjá Hafnarfjarðarbæ m.a. út í skólunum og fjölga úrræðum hjá sveitarfélaginu.

BRÚIN byggist á samvinnu þeirra aðila sem eru í nærsamfélagi barnsins.

Aukin þjónusta fer fram í gegnum lausnateymi leik- og grunnskólanna. Í lausnateymum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og/eða sérkennslufulltrúum frá fræðslu- og frístundaþjónustu. Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í lausnateymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Unnið er eftir þessari nýju nálgun fyrst í stað í sjö leikskólum og þremur grunnskólum. Skólarnir taka þátt í þróun þessa nýja vinnulags sem síðar verður innleitt í alla leik- og grunnskóla bæjarins. Þrír starfsmenn hafa verið ráðnir til að tryggja þessu brautargengi, styðja við þróun þess og fylgja eftir mótun nýrra úrræða. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Skólarnir sem eru nú þegar komnir inn í BRÚNA eru:

1. Áslandsskóli, Stekkjarás og Tjarnarás.
2. Víðistaðaskóli, Álfaberg, Norðurberg og Víðivellir.
3. Öldutúnsskóli, Hvammur og Smáralundur.

Íris fer yfir hvernig ferill grunnskóla og ferill leikskóla í lausnateymum er og hvernig lagt er upp með að fram fari lausnaleytið með þverfaglegri nálgun. Þá segir hún frá því hvernig verið er að skoða vinnslu mála bæði hjá fræðslu- og frístundaþjónustu, fjölskylduþjónustu og úti leik- og grunnskólunum og mikilvægi þess að öll úrræði sem nú þegar eru til staðar séu nýtt og að samvinna á milli fagfólksins sem koma að barninu og fjölskyldunni sé eflað.

Ekki er vitað hvenær fleiri skólar bætast við en það verður skoðað út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar sem send var út á starfsfólk í lausnateymum skólanna og foreldra sem hafa fengið þjónustu í gegnum BRÚNNA, ásamt því að rýna þurfi í fleiri þætti, en verklagið mun fara í alla leik- og grunnskóla bæjarins.

Íris talar þá um að snemmtæk íhlutun hafi mikið fornvargildi og verið sé að koma í veg fyrir frekari vanda hjá barni og fjölskyldu þess. Aftur á móti sé mikilvægt að efla geðræktarstarf til að sinna heilsueflingu og vera á þann hátt með fyrirbyggjandi aðferðir.

Þá er segir Íris frá nokkrum hliðarverkefnum sem hafa farið í gang meðfram BRÚNNI og þau úrræði sem nú þegar hafa breyst og orðið hluti af BRÚNNI.

Umræður með Írisi:

Ekki gafst tími fyrir umræður eftir kynningu Írisar.

Fundi slitið kl. 10:05.

4. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Krosseyri, Linnestíg 3,

20.03.2019, kl. 08:30

Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundapjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskyldupjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólapjónusta BRÚARINNAR.

Birgir Örn Guðjónsson, lögreglumaður og *Helena Unnarsdóttir*, deildarstjóri Barnaverndar í Hafnarfirði komu og sögðu frá sínum störfum.

Fundargerð ritar: *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*

Geir Bjarnason býður Birgi Örn velkominn og segir frá nýju tilraun verkefni sem er farið af stað á milli Hafnarfjarðarbæjar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta verkefni fer af stað að einhverju leyti í tengslum við BRÚNNA. Birgir Örn verður með skrifstofu inn á Fjölskyldusviði Hafnarfjarðarbæjar og mun starf hans vera mótað á næstu dögum og svo verður það þróað áfram næsta árið.

Birgir Örn segir frá því hvernig starfsemi forvarnardeildar lögreglunnar var áður en hún var lögð niður eftir hrunið. Þar vann hverfislögreglufólk til dæmis náíð með félagsþjónustu og grunnskólum sinnar starfsstöðvar. Forvarnardeildin hefur ekki verið starfrækt eftir hrun.

Hann segir Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vera að koma aðeins inn á þessa nálgun aftur, þetta snemmtæka og að lögreglan sé sýnilega í því hlutverki. Birgir segir þessa nálgun vera víða á norðurlöndunum. Þá segir hann Sigríði Björk vera byrjuð að keyra verkefni með þessa fyrirbyggjandi nálgun, heimilisofbeldisverkefnið er dæmi um það. Sú nálgun snýst um fyrstu viðbrögð þegar

lögreglan sinnir útkalli vegna heimilisofbeldis, þá eru kallaðir til starfsmenn barnaverndar og/eða fjölskylduþjónustu og reynt að rjúfa þá keðju sem farin er af stað á heimlinu, með því að styðja við þolendur. Þar er horft á að nálgast málið út frá heildarmyndinni, núna er barninu fylgt eftir og reynt að tryggja velferð þessa á allan hátt.

Birgir segir frá því að í gegnum tíðina hafi hann átt í samskiptum við fjöldann allan af einstaklingum sem eru erfiðum stað í lífinu t.d. fíklar og hann segir nánast undantekningarlaust að þessar manneskjur tjái sig um erfiðleika í æsku. Hann segir að það sé bæði reynsla úr starfi og svo eigin áhugasvið að vinna á snemmtækan hátt.

Birgir Örn segir lögregluna hafa sama tilgang og önnur kerfi, að vinna að því að gera samfélagið betra og þetta er ákveðið skref í því að við séum öll að vinna saman ekki öll í okkar horni. Nú sé það að þora að gera eitthvað nýtt, ekki gera þetta eins og við gerðum þetta í gamla daga, við þurfum að þora að skoða samfélagið eins og það er núna og hugsa þetta í takt við það og gera það í sameiningu.

Þetta þróunarverkefni er samvinnuverkefni milli Hafnarfjarðarbæjar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eins og áður sagði. Það var meðal annars sótt um í Lýðheilsusjóð fyrir þessu verkefni í haust. Það þarf að hafa í huga að það eru mörg sveitafélög á höfuðborgarsvæðinu en bara ein lögregla á höfuðborgarsvæðinu. Birgir Örn segir það virkilega jákvætt að geta þróað þetta samhliða BRÚNNI, sem er komin með markvissann og fastmótaðan ramma og hann sér fram á mikla samvinnu með BRÚNNI í þessari þróunarvinnu.

Hann segir okkur öll vera að horfa til til barna og ungmenna sem hafa leiðst út í áhættuhegðun, farin að sýna ofbeldistilburði, farin að prufa fíkniefni, búa á brotnum heimilum og hann segir að það sé hægt að grípa þar inn í og þar skipti samvinna lögreglu við kerfið miklu máli. Með þessu fáum við samfélag þar sem að ungmenni finni að lögreglan sé hér fyrir þau en ekki til að ná þeim.

Þetta tilraunaverkefni er núna til 1. árs, sem vonandi verður til þess að verkefnið verði útvíkkað. Önnur sveitafélög strax farin að sýna þessu áhuga.

Birgir verður staðsettur á skrifstofu fjölskylduþjónustunnar og verður í uniformi. Hann verður meðalannars í tengslum við skólana og kemur til með að vinna náið með BRÚNNI, ná

til ungmenna sem eru komin í áhættu og annað. Einnig kemur hann til með að vinna vel með BVN.

Umræður með Birgi Erni

Kristjana segir að það væri gott að fá hann í félagsmiðstöðvar. Birgir Örn segir það vera eitthvað sem hann sjái fyrir sér að gera. Þælt í hvernig nálgunin myndi vera. Kristjana segir frá því að hún viti til að lögreglan í Eistlandi sé mikið inn á félagsmiðstöðvunum, halda námskeið og eru þá ekki í uniformi. Var í raun þarna bara sem félagi en ekki sem lögreglumaður í valdastöðu. Þannig fær lögreglumaðurinn öðruvísi upplýsingar frá ungmennum og nær öðruvísi til þeirra.

Umræða um foreldrafélögin, Birgir Örn segist að hann myndi að öllum líkindum líka hitt þau, foreldrafélögin.

Þá er spurt hver starfstíll Birgis sé og hann segist ennþá vera varðstjóri hjá lögreglunni en starfsstöðin hans er í ráðhúsinu og starfslýsingin orðin önnur.

Upplýsingar um þetta tilraunaverkefni eru komnar inn á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Birgir Örn segir það mikil forrættindi að fá að móta þetta hér og er spenntur fyrir framhaldinu.

Við þökkum Birgi Erni kærlega fyrir komuna.

Geir Bjarnason býður *Helenu Unnarsdóttur* deildarstjóri Barnaverndar Hafnarfjarðar velkomna.

Helena segir stöðuna þannig að barnavernd sé meira í því að slökkva elda því málin séu oft orðin frekar þung þegar þau koma til þeirra. Fagna BRÚNNI því þar er meira forvarnarstarf. Fagna lögreglunni og sjá fyrir sér að þetta tilraunaverkefni komi líka til með að styðja vel við þeirra starf.

Þrír starfsmenn barnaverndar eru með PMTO meðferðarmenntun. Þau stefna á að keyra þessi námskeið vonandi sem fyrst, þá einstaklingsmeðferð. Sjá fyrir sér möguleikann að geta tekið þessi námskeið með foreldrum á leikskólastigi í forvarnarskyni.

Álagið er þó þannig að það er aldrei vitað hvernig staðan er frá degi til dags. Myndu vilja fá starfsmann í fulla vinnu til að keyra niður lista af PMTO. Oftar en ekki er verið að tala um 20 vikna einstaklingsmeðferð, svo það er ekki verið að vinna mörg mál í einu.

MST – Multi system therapy – Barnavernd er mikið að nýta sér það í vinnu með unglingum og fjölskyldum þeirra. Stefnan að reyna grípa fyrr inn í þetta svo barnið þurfi ekki að vera vistað utan heimilis o.fl.

Núna komin smá biðlisti í MST núna, var ekki. Núna 4-5 mánaða bið. Þá þarf að vinna málið hér heima á meðan. Þegar krakkar eru komnir í þessa áhættuhegðun þá er oft neyðarvistun Stuðla komin inn eða frekar stuðningur fyrir heimlið og með skólanum.

MST – kortlagning á stöðu fjölskyldunnar, kynnast fjölskyldunni, búa til plan út frá þeim upplýsingum sem þau fá út frá kortlagningu og kynnum af fjölskyldu. Fá svo mjög ítarlega áætlun þar sem er sagt frá skref fyrir skref hvernig skal bregðast við í ákveðnum aðstæðum á heimilinu.

Barnaverndarmál - málin eru að verða miklu þyngri. Mikil þyngsl í þessum málaflokki bæði hjá foreldrum og börnum. Andleg veikindi, mikið unnið með BUGL, GRR, PSH, Stuðlum, o.fl.

- Spurning hvort það sé þá of seint gripið inn í ?
 - Helena segir það hugsanlegt og þess vegna fagnar hún BRÚNNI mikið.
- Af hverju er þetta orðið svona erfitt eða þungt?
 - Helena segir það eflaust vera allskonar ástæður en nefnir að við búum í öðruvísi þjóðfélagi en við gerðum.
 - Samfélagsmiðlar
 - Mikið álag á foreldrum
 - Andleg veikindi
- Þegar fjölskyldur flytja á milli bæjarfélaga? Flytjast upplýsingar á milli barnavernda sveitafélaganna?
 - Skv. Lögum ber þeim að flytja þessi mál á milli sveitarfélaga. Senda gögn á milli, gera grein fyrir hvað er að gerast. Líka á milli landa.
 - Mál þarf að vera opið til þess að þetta gerist.

Barnavernd er að vinna mikið og náið með, BRÚNNI, Lögreglunni og PMTO. Þá er barnavernd í samstarfi við Verndari barna (blátt áfram) sem er forvarnir námskeið gegn kynferðisofbeldi – var verið að mennta 2 félagsráðgjafa úr barnavernd til að halda þau námskeið. Allir sem vinna með börnum þurfa að sækja það námskeið.

- Rætt er af hverju sé bara verið að fókusa á að fræða það starfsfólk sem er með fagmenntum. Þurfum að hugsa aðeins út frá hópnum, hverjir koma að börnunum, þurfum að skoða þetta út frá heildinni. Hverjir þurfa á aukinni fræðslu að halda.

Barnavernd er með tengliði í hverjum leik og grunnskóla.

Stefnt er á það næsta haust reynt að fara markvissara inn í skólana og kynna BVN betur. Sjá fyrir sér að fara inn og kynna fyrir öllu starfsfólki, kynna starfið, hvenær á að tilkynna þetta, o.fl. Þetta hefur ekki verið gert áður.

- Spurning, hefur eitthvað minnkað eða breyst í þeim skólum þar sem BRÚIN er komin inn?
 - Ekki búið að taka það saman, en finna að þau njóta góðs af þessu samstarfi við BRÚNNA. Þegar mál er tilkynnt í gegnum BRÚNNA, ítarlegar upplýsingar og búið að vinna stóran hluta af könnunarvinnunni þegar tilkynna þarf mál til barnaverndar.
- Hvað vantar Barnavernd núna?
 - Meiri tíma.
 - Fleira starfsfólk.
 - Minnka álagið.

Þökkum Helenu kærlega fyrir góðar upplýsingar.

Umræður í lok fundar

Þurfum að boða unga fólkið okkar á fund með okkur, fulltrúa ungmennaráðs. Stefna mögulega á að vinna með þeim á svipaðan hátt og var gert á lýðræðisþinginu í Víðistaðaskóla.

Ungmennafélag Hafnarfjarðar er nýbúið og þar var eitt af verkefnum forvarnir, spurning hvort við fáum fulltrúa frá ungmennaráði til þess að kynna þær niðurstöður.

Þá er stefnt á að skilgreina hugtakið forvörn betur innan hópsins.

Sagt frá því að krakkarnir í Áslandsskóla hafi óskað eftir meiri kynfræðslu. Foreldrarfélagið fékk Siggú Dögg til að koma og vera með fyrirlestur sem var mjög vel sóttur. Út frá því er sagt frá því að í Lækjarskóla séu allir nemendur í unglingadeild með eina kennslustund í viku í Jafnréttis- og kynjafræði. Í þeim tímum er einnig farið vel í kynfræðslu með nemendum. Því er velt upp hvort óska eftir því að Kristín Ragnarsdóttir, sem kennir jafnréttis- og kynjafræði í Lækjarskóla, komi og fari yfir hvernig kennslunni er háttað og hvort það sé forvarnargildi í henni. Þá er talað um mikilvægi þess að samrýma að einhverju leyti nálgun í forvörnum hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar, skólarnir stýra sjálfir fræðslunni en hvernig er hægt að efla þetta og fá samfellu í þessa fræðslu þvert á skólana, gæti skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu sett fram heildstæða nálgun.

Næst á dagskrá

Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri, áfengis- og vímuvarna hjá Embætti landslæknis, verður boðaður á næsta fund (ábyrgðarmanneskja, Geir).

Ægir Örn Sigurgeirsson, deildarstjóri hjá fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, verður boðaður á næsta fund (ábyrgðarmanneskja, Íris Dögg).

Fundi slitið kl. 09:52

5. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Keili, Linnetstíg 3,

10.04.2019 og hófst kl. 08:30

Fundinn sátu: *Geir Bjarnason*, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundapjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskyldupjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólapjónustu BRÚARINNAR.

Rafn M. Jónsson, verkefnastjóri, áfengis- og vímuvarna hjá Embætti Landlæknis, kom og fór yfir áherslur í forvarnarvinnu hjá Embætti Landlæknis.

Fundargerð ritaði: *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*

Geir Bjarnason fer yfir hlutverk og markmið þessa starfshóps um forvarnir hjá Hafnarfjarðarbæ.

Íslenska módelið

Rafn talar um íslenska módelið í vímuefnaforvörnum og að það þurfi að fara endurvekjja þætti í því, líkt og aðkomu lögreglunnar. Þá segir Rafn að samvera og aðhald foreldra hafi slaknað mikið síðustu tvö árin og mikilvægt að viðhalda því og ýta undir jákvæðar samverustundir foreldra með börnunum sínum. Þetta sést meðal annars á því að eftirlitslaus unglinga party eru farin að færast í aukana. Mikilvægt að viðhorfi fullorðinna gagnvart áfengis kaupum fyrir börn sé rétt, foreldrar í dag eru af annarri kynslóð en þeirri sem tilheyrði íslenska módelinu og hafa mögulega önnur viðhorf, þarf að skoða það og hvernig er hægt að efla fræðslu til þeirra, ef þess þarf.

Oft erfitt að ná til foreldra, þurfum að finna leið til að ná til þeirra. Hvað er það sem veldur því að foreldrar mæta ekki á foreldrafræðslur í skólum barna sinna til dæmis?

- Lítil tími
- Ekki áhugi

Þá segir Rafn hlutverk fjölmiðla stórt og mikilvægt að forvarna hugsunin sé virk þar t.d. Þegar horft er til auglýsinga o.fl. atriða.

Þurfum að fókusa á réttu hlutina, hvaða fíkniefni er fjöldinn t.d. líklegastur til að nota.

- Hvaða lyf eru það? Er fókusinn á þeim lyfjum og hvernig er hægt að koma í veg fyrir neyslu á þeim.

Mikilvægt að skólar og stýrihópar innan sveitarfélaga hittist reglulega og fari yfir stöðuna, hvernig staðan er.

- Sbr. Litli hópur og stóri hópur í gamla daga.
 - Þá hægt að grípa fyrir inn í. Þetta þarf að vera snemmtækt, við viljum vera með fókusinn á réttum stöðum svo hægt sé að grípa á réttum stöðum.
- Mjög mikilvægt að sveitarfélögin hafi markvissa og sýnilega stefnu í forvarnar áherslum sínum.

Geir segir frá því að ný menntastefna hjá Hafnarfjarðarbæ komi til með að vera víð og forvarnir komi til með að falla þar inn í. Rafn segir í því samhengi að mikilvægt sé einmitt að vera ekki með fullt af stefnum útum allt, þetta þurfi að vera heilstæðara en svo.

Lífsleiknikennsla

Rætt um lífsleiknikennslu í menntakerfinu og mikilvægi hennar. Hversu mikið forvarnargildi er í góðri lífsleiknikennslu. Rafn fer yfir ákveðin verkfæri - skapalón sem Embætti landlæknis er að hanna fyrir sveitarfélögin.

- Býður okkur hjá Hafnarfjarðarbæ að máta okkar inn í það ferli.
- Eru að hanna ákveðið aðgerðar stefnumótunarplagg fyrir skóla sem er í grunninn frá Osló.
 - Hvað á stefnan að innihalda
 - Í hvaða fögum eigum við að kenna þessa lífsleikni

- Svo skapalón sem skólinn getur mátað sig inn í
 - Hvaða tengiliðir eru þarna úti fyrir hvern skóla (heilsugæsla, fjölskylduþjónustan ?)

Embætti landlæknis bauð upp á lífsleiknikennslu námskeið fyrir kennara á þessu skólaári (2018/2019) og var það virkilega vel sótt – kennarar úr 5-6 skólum af öllu landinu. Samkvæmt Rafni var skýrt eftir umræður við þátttakendur og verkefni sem þau gerðu að lífsleiknikennslu í skólum er ekki nægilega markviss. Allan ramma vantar utan um þessa kennslu, skýr markmið innan skóla og heildarmarkmið hjá sveitarfélögunum. Lífsleiknikennsla þarf ekki að miðast endilega við eitt ákveðið fag, hægt að kenna lífsleikni í stærðfræði og dönsku en það er aðeins hægt ef stefnan er skýr og allir vita til hvers er ætlast af þeim. Gagnreyndar aðferðir eru mikilvægar svo verið sé að byggja á námsefni sem vitað er að skili árangri og sé raunverulega að gera gagn.

Námskeiðið var tvö skipti og var farið í gegnum kenningar, hvað virkar og hvað ekki. Forvarnarstefnur skólanna voru skoðaðar o.fl.

Geir spyr hvort hægt sé að fá þetta námskeið hingað í sveitarfélagið?

- Komu reyndar ekki skýr svör við þeirri spurningu.

Rafn segir frá meistararitgerð þar sem skoðað er viðhorf kennara, þar kemur fram að það vantar kennsluefni, vantar upplýsingar um lífsleiknikennslu. Það vanti þjálfun fyrir starfsfólk, starfsfólk hefur á tilfinningunni að þau kunni þetta ekki.

- Fagfólk í skólunum eru miklu betri í að kenna og að meta hvenær hægt að er að fræða. Taka samtalið, það er miklu betra en að forvarnarfulltrúi komi inn í þetta löngu seinna.
- Þetta á við um allt starfsfólkið í skólunum, félagsmiðstöðvar frístundaheimili, skólaliða, heimilisfræðikennarar o.fl.

Lífsleikniefni frá Embætti landlæknis

Yngsta stig (og elsta stig leikskóla)

- Vinir Zippy er námsefni fyrir yngsta stigið og jafnvel elstu börnin í leikskólum.

- Gagnreynt efni og hefur sýnt fram á hversu gagnlegt það er. Efnið snýst að miklu leyti um að börn nái að takast á við erfiðleika, aðlögunarhæfni þeirra (e. Coping skills) og í því samhengi er unnið mikið með félags- og tilfinningafærni nemenda.

Miðstig

- Rafn segir að verið sé að búa til efni fyrir miðstigið sem veður vonandi tilbúið fyrir næsta vetur.

Elsta stig

- Val og vitund: Kennsluefni um áfengi og önnur ávana- og vímuefni fyrir nemendur í 8. – 10. bekk grunnskóla, heilsueflandi grunnskóli.
 - Búið að uppfæra aðeins
 - 3 spurningar fyrir hvern áfanga
- Öruggr saman – bók sem til er hjá Embætti landlæknis og er hugsuð fyrir 9.-10. bekk. Starfsfólk Embætti landlæknis Þýddu og staðhæfðu efni frá USA, er gagnreynt. Námsefnið var prufukeyrt í 1,5 ár áður en þau gáfu þetta út. Bókin fjallar m.a um:
 - Samskipti
 - Virðingu
 - Tilfinningar

Nokkrir skólar að prufa hjá þeim verkefni sem Embætti landlæknis er að vinna að, námsefni um svefn

- Þegar þær niðurstöður koma þá verður það vonandi keyrt áfram og í boði fyrir skólana
- Svefnmál – undir heilsueflandi skóla hjá Embætti landlæknis.
- Svefnskífa – ef þú vaknar kl. XX þá þarftu að fara sofa kl. XX, sett sjónrænt fram.
- Lýðheilsuvísir – hvernig sefur þú.
-

Umræður um lífsleikni

Er ekki að mikilvægt að fá foreldrana með t.d. með heimavinnu í lífsleiknikennslu.

- Mikilvægt að foreldrar taki þátt og séu meðvitaðir. Það þarf að vanda slíka heimavinnu, það eru börn á heimilinum, foreldrar sem eru ekki endilega burðugir til að styðja við heimanám barna sinna. Það þarf að tryggja að nemendur upplifi ekki vanmátt því heimavinnu er ekki sinnt. Möguleiki á að vinna slíka heimavinnu án þess að það þurfa að fjalla um hana sérstaklega.
- Eins er mikilvægt þegar verið er að ræða viðkvæm málefni í lífsleikni að búið sé að kortleggja stöðu nemenda. Það er vont að fjalla um neyslu o.fl. ef barn býr við aðstæður þar sem neysla er t.d.
- Skólaheilsugæslan á að senda póst á foreldra þar sem kemur fram að „í næstu viku verður fjallað um ...“ spurning hvort það væri hægt að gera slíkt sama í samfélagsfræði.
 - Að einhverju leyti er það inn á MENTOR en mismikið.
-
- Spurning hvort lífsleikni þurfi ekki að vera sérnámsgrein en ekki falla undir samfélagsfræði með 8 öðrum greinum.

Umræðan fer yfir í hve mikilvægt það er að þrýsta á menntamálaráðuneytið í tengslum við geðrækt og lífsleiknikennslu í leik- og grunnskólum landsins.

Embætti landlæknis létu greina félagstengsl út frá gögnum HBSC.

Það er hvernig tengsl barna eru við skóla, við vini, fjölskyldu o.fl.

Þar kemur fram að þau börn sem standa sterk á öllum þessum fjórum tengslum sýna vellíðan. Þau börn sem hafa slök tengsl við fjölskyldu sýndu fram á það að þar geti skólinn komið mjög sterkur inn og tryggt þeim jákvæð og örugg tengsl, starfsfólk skóla sýnir þá umhyggju sem það á og með því getur það verið að hafa gríðarlega mikil jákvæð áhrif á framtíðarhorfur barns. Staðan er yfirleitt þannig að barni líður vel í skóla þegar það hefur örugga höfn, það er einhver þar sem það getur treyst.

Einnig kom fram að félagslegutengslin skipta miklu máli og þar er hlutverk skólans áfram veigamikil, lesa í aðstæður barns, lesa í félagshæfni þess, reyna tengja það við réttu aðilana og tryggja að allir séu með sinn félaga.

Rafípróttir

Geir segir sveitafélögin vera að skoða þetta hjá sér, hvernig hægt sé að koma rafípróttum á laggirnar, en hafa ekki nægileg þekking til segir hann.

- Er til dæmis verið að markaðsetja þar fíkniefni eða annað?
 - Rafn segist engar sannanir hafa fyrir því.
- Kanabis iðnaðurinn í USA er orðinn risastór
 - Mjög alvarlegt ástand, fleiri og fleiri skýrslur sem sýna fram á kanabis sem hliðarverkandi þátt í dauðsföllum - ekki beint tengsl.
 - Tíðni geðrofs er til að mynda mjög há í þeim fylkjum sem er búið að lögleiða kannabis.
 - Ferlið virðist vera fyrst medical marijuana og svo í framhaldinu er búið að lögleiða þetta allt.
 - Samkvæmt rannsóknum eru í kringum 70% fullorðinna í Colorado sem hafa notað kannabis.
- Ekki mikil aukning hér á landi, miðað að við upplýsingar frá Embætti landlæknis, hjá fullorðnum sem reykja kannabis.
- Eina aukningin sem við sjáum er jákvæðara viðhorf fullorðinna.

Áfengis- og vímuefnaneysla

Geir segir vera litla áfengisneyslu meðal krakkanna okkar en notkun á kannabis hefur aukist.

Það eru þessi hópur 6-7% unglinga sem virðast prófa mikið allskonar. Þá segist Geir sjá tengsl á milli óvirku foreldrafélaganna og áhættuhegðunar hjá nemendum.

Ungt fólk sem verður fyrir áföllum í æsku er líklegra til að misnota vímuefni ef ekki er gripið strax inni og því er gífurlega mikilvægt að kortleggja of fylgjast með stöðu barna og fjölskyldna þeirra.

Það er því mikilvægt að allir vinni saman

- Skólahjúkrunarfræðingur – heilsufarsupplýsingar – skoða t.d. áfallasögu að einhverju leyti.

- Þá er rætt að það séu fá bjargráð þegar þessar upplýsingar koma frá börnum, þarf að efla það í skólunum, á öllum stigum.
- Allskonar áföll
 - Neysla foreldra
 - Dauðsföll
 - Andleg veikindi
 - Heimilisofbeldi
- Erum með brotið kerfi sem við verðum að laga.

Þarf að styðja við leikskólana sérstaklega

- Leikskólar svo mikilvægt skólastig
- Hægt að skoða mikilvæg tengsl foreldra og barna inn á leikskólnunum þar sem tengsl foreldra og leikskólans eru yfirleitt mikil.
 - Þurfa leikskólar að þekkja áfallasögu foreldra?
 - Er nóg ef leikskólar fá grunnupplýsingar?
- Mikilvægt að börn upplifi örugg tengsl og að grunn-og leikskólar séu örugga höfnin hjá börnum sem búa við flóknar aðstæður. Það er mikilvæg forvörn í því að þekkja sögu barnanna og skilja hana.
- Þá er mikilvægt að skoða menntunarstig starfsfólk í skólum bæjarins.
 - Þarf að fókusa öðruvísi á faglært starfsfólk og svo ófaglært, á þann hátt að allir fái fræðslu við sitt hæfi. Þá er sérstaklega mikilvægt að muna eftir að fræða ófaglært starfsfólk.

Umræður með Rafni

Félagsmiðstöðvar grípa stundum inn í þegar kennarar hafa ekki svigrúm eða þekkingu til að styðja við nemanda, nemendahóp. Vantar kannski fræðslu eða annað. Gott samstarf er í mörgum skólum á milli félagsmiðstöðva/frístundaheimila og skólans.

Rafn kemur með bæklinga

- Handbók Kannabis – leiðbeiningar um áhugahvetjandi samtal.
 - Spurningalisti – hægt að prenta út af vefsíðu Embætti landlæknis.
 - Ekki fyrir alla – þessa 7%

- Bæklingur – fyrir eldri – frh.skóli og háskóli
- Byggt á viðtölum.

Við þökkum Rafni kærlega fyrir góðar umræður og upplýsingar. **Rafn fer kl. 9:30**

Birta Guðný Árnadóttir fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

Geir fer yfir hlutverk hópsins.

Birta segir okkur frá Ungmennapingi ungmennaráðs Hafnarfjarðar sem haldið var í febrúar 2019.

Ungmennn í 8.-10. bekk taka þátt í ungmennapinginu og skrifa tillögur að breytingum sem eru svo flokkaðar. Einn flokkurinn var forvarnir.

Niðurstöður frá vinnu af ungmennapinginu

- Mikil vöntun á fræðslu um VEIP – félagsmiðstöðvar segjast ekki kunna að tækla það eins og staðan er núna.
- Meiri fræðslu og umræður um kvíða
 - Gæti verið gott að hafa valkost að að hafa sleppikerfi fyrir ungmenni þ.e. að það sé ekki risa stór lokapróf heldur símat.
- Þá kom fram að kynfræðsla þyrfti að byrja fyrr
 - Ekki bara þessa í 9.bekk
 - Krakkar farnir að stunda kynlíf fyrr
 - Sjúk ást kemur inn í 8.,9. og 10. bekk.
 - Fríir smokkar eru líka mikilvægir.
 - Umræður um að það séu oft smokkar hjá hjúkrunarfræðing og sumsstaðar dömubindi, túrtappar og smokkar inn á skrifstofu.
 - Ólíklegt að krakkar nýti sér það, þarf að vera aðgengilegt.
 - Dömubindi, túrtappar og smokkar - það er á ábyrgð skólastjórnenda hvernig þau vilja hafa þetta.
- Kynjafræðsla
 - Kristín Ragnarsdóttir kennari í Lækjarskóla er með Kynja- og jafnréttiskennslu í Lækjarskóla þar sem hún er með mjög góða fræðslu fyrir nemendur.

Mikilvægt að við notum þá þekkingu sem er nú þegar í öllum flotta mannauðnum sem er í Hafnarfirði.

- Kynfræðsla
- Kristín Ragnarsdóttir kennari í Lækjarskóla er með Kynja- og jafnréttiskennslu í Lækjarskóla þar sem hún leggur einnig áherslu á kynfræðslu. Mikilvægt að við notum þá þekkingu sem er nú þegar í öllum flotta mannauðnum sem er í Hafnarfirði.
- Hinsegin fræðsla
 - Transumræðan verður að koma sterkar inn.
 - Gender fluett, þetta er ekkert rætt en er mjög mikilvægt að það sé markviss fræðsla um hinsegin.
 - Krakkar kunna ekki alveg hvernig þau eiga að haga sér eða hvaða fornöfn þau eiga að nota.
 - Hán – þarf að fræða um þetta allt saman - hvernig við tölum um það. Þarf að fræða alla um þetta ekki bara börnin, þau sennilega klárari í þessu en flestir fullorðnir. Mikilvægt að þessi fræðsla verði að veruleika.
 - Samtökin '78 fara í þetta allt saman en það er bara ein lítil fræðsla ekki markviss fræðsla þar sem er verið að leggja mikla áherslu á vellíðan allra nemenda.
- Fræðsla fyrir allt starfsfólk skólanna er mikilvæg og þarf að auka hana.
- Umhverfisfræðsla
 - Umhverfisfræði áfangi í flensborg
 - Allir nemendur mjög upplýstir eftir þetta og því vantar mikla fræðslu
 - Víðistaðaskóli – umhverfisfulltrúar í hverjum bekk – voru að sækja umhverfisstyrk og eru að íhuga að hafa valáfanga.
- Stuðningshópar fyrir krakka sem eiga erfitt
 - Sem þú getur leitað í skóla eða félagsmiðstöð
 - Þar sem börnin geti átt örugga höfn, gæti til dæmis verið slökunarherbergi eða e-ð slíkt þar sem fullorðinn væri til staðar, krakkar upplifa sig ekki ein!
- Fjárhagsfræðsla
 - Peningastjórnun

- Vinnuskólinn kominn með það að kenna krökkum að lesa af launaseðlinum eftir að þessi tillaga kom inn.
- Vímuefnafræðsla
 - Áfengi
 - Tóbak
 - Byrja að fræða fyrr.
 - Það þykir hjá sumum eðlilegt að reykja gras. Fræða um gras og alvarleika þess. Mikið talað um þetta og hvernig væri hægt að framkvæma þetta.
 - Þegar fræðslan er að koma inn þá eru krakkar farnir að fíkta og það er of seint.

Ungmennaráð vinnur úr niðurstöðum ungmennapingsins sjálf og fara með til bæjarstjórnar sem tillögu.

Geir – spyr Birtu hvort það sé mikil kannabin eða áfengisneysla í kringum hana

- Hún segir svo ekki vera en hún viti alveg af hóp á framhaldsskólastigi sem eru að reykja Kannabis daglega.
- Hún segir mikla áfengisneyslu – byrja snemma, byrjað í 9. og 10. bekk.
 - Foreldrar fara í helgarferð og treysta krökkum að vera ein með litlu eftirliti
 - Koma drukkin á skólaböll.

Umræður með Birtu Guðnýju

- Búið að greina hverfin út frá fíkniefnaneyslu
 - Mismunandi milli hverfa
 - Eru oftast sömu skólarnir
 - Sumir skólar taka vel á þessu og aðrir ekki eins vel.

Fundi slitið kl. 10:05

6. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Lóninu, Linnetstíg 3,

24.04.2019 og hófst kl. 08:30

Fundinn sátu: *Geir Bjarnason*, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundaþjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR.

Ægir Örn Sigurgeirsson, deildarstjóri við stoðdeild í málefnum hælisleitenda og flóttafólks (HOF) hjá Hafnarfjarðarbæ.

Fundargerð ritaði: *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*

Geir Bjarnason kynnir hópinn og hlutverk hans.

Ægir segir frá því að þau séu tvö sem vinna í þessari nýju deild og svo hafa verið tveir félagsráðgjafa nemar með þeim síðustu vikur.

Hafnarfjarðarbær er með samning við Útlendingastofnun um að þjónusta allt að 60 hælisleitendur. HOF nýja deildin sem Ægir fer fyrir sér um þessa þjónustu og tekur til mála sem snúa að því sem gerist þegar hælisleitendur fá stöðu flóttafólks. Þegar fólk kemur til landsins og sækir um hæli er það réttindalaust og án allra réttinda, að hluta til mannréttindalaust, ekki með aðgang að neinu hér, úthlutað lágmarksþjónustu. Sveitarfélögin (nefnir sérstaklega Hafnarfjörð, Reykjavík, Reykjanesbæ) veita þessum einstaklingum skjól yfir höfuð og aðstoða við að koma börnunum í skóla. Bjarg er

skólaúrræði í Hvaleyrarskóla fyrir börn sem hingað koma á flóttu. Á Bæjarhrauni og á Norðurhelli í Hafnarfirði búa þær fjölskyldur sem leita til Íslands sem hælisleitendur.

Útlendingastofnun er með 200 einstaklinga í þjónustu hjá sér hérna í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarbær sér um fjölskyldurnar og Útlendingastofnun sjá um þær manneskjur sem koma einir til landsins.

54 hælisleitendur núna síðasta ár, 18 börn og 4 fylgdarlaus börn. Einstæðir foreldrar a.m.k 3 með 3 börn

Sum börn komast inn í leikskóla en önnur ekki, bið eftir leikskolaplássi getur verið löng og þá eru þessi börn allan daginn með foreldri sínu.

Til útskýringa:

Kvótaflóttafólk eru einstaklingar og fjölskyldur sem eru valdar til að koma til Íslands úr flóttamannabúðum.

Hælisleitendur eru einstaklingar og fjölskyldur sem hafa náð að koma sér í gegnum Evrópu og til Íslands.

Samkvæmt lögum á að búa eins um hælisleitendur sem hafa fengið stöðu flóttafólk og kvótaflóttafólks.

Málsmeðferð hælisleitenda getur tekið allt frá 6 mánuðum uppí rúmt ár.

Það eru fjölskyldur báðum megin þ.e á Norðurhelli og í Bæjarhrauni. Fylgdarlausu eldri börnin eru í bæjarhrauni. Þegar fólkið sem hingað hefur leitað fær stöðu flóttafólks hefur það samkvæmt reglum og lögum tvær vikur til að koma sér úr húsnæðinu, á Bæjarhrauni eða Norðurhelli, sem þeim hefur verið skaffað af Hafnarfjarðarbæ. Þá tekur við að styðja við þau við það að aðlaga sig að íslensku umhverfi, Rauði kross Íslands á að aðstoða þessa einstaklinga við að finna nýtt húsnæði en það gengur ekki alltaf sem skyldi, ástæðan fyrir því er sennilegast sú að þetta er sjálfboðastarf og erfitt getur verið að manna slíkt. Þau fá framfærslu frá sveitarfélaginu, húsbúnaðarstyrk fyrir húsbúnaði og raftækjum og sálfræðistyrk og tannlæknastyrk. Börnin fara í aðra skóla þegar þau hætta í Bjargi. Frá áramótum hafa flestir þeirra sem hafa fengið stöðu flutt úr sveitarfélaginu, þegar það er þá þarf að aðstoða þau við að flytja.

Málsmeðferð fólksins getur tekið allt frá 6 mánuðum uppí rúmt ár.

Útlendingastofnun búið að taka á leigu annað húsnæði á norðurhelli og þar eiga að fara 24 fjölskyldur inn. Það er ekki samningur sem bærinn hefur gert við Útlendingastofnun.

Útlendingastofnun mun því sjá um það húsnæði og fólk og það er töluverður munur á þjónustunni o.fl. eru hlið við hlið húsnæðin. Sem getur skapað vanda.

Í dag eru að koma fleiri einstaklingar frá Sýrlandi, Írak, Sómalíu og Nígeríu, sem sagt það er að verða breyting á þjóðerni fólksins sem hingað leitar.

Fullorðnir einstaklingar sem hingað koma mega ekki vinna á meðan þau eru í hælismeðferð, það er því lítið um að vera fyrir þessa einstaklinga og þau eru mikið einangruð sem hefur gríðarlega mikil áhrif á andlegu heilsu þeirra.

Fylgdarlaus börn, einstaklingar undir 18 ára, sækja um hæli og þá er tilgangurinn oft að sækja um hæli og fá stöðu og óska eftir fjölskyldunni sinni hingað. Þá þurfa starfsmenn HOF að aðstoða við að gera fjölskyldusamning.

Dæmi um dreng sem kom var settur í fóstur, fékk svo móður sína og 6 systkini með henni og verið að bíða eftir pabbanum og það þarf að koma þessum börnum inn í skóla og fleira. Þegar börn koma ein er það í höndum barnaverndar að sinna þeim einstaklingum en hér í Hafnarfirði er það HOF sem sér um það utanumhald og vinnslu.

Forvarnir

Stóra spurningin er að sjálfsögðum, hvað við getum gert fyrir þennan hóp af börnum sem er uppá Bæjarhrauni og Norðurhelli. Það vantar eftirfylgd þar inn, til dæmis að koma þeim í skólann

Flensborg ætlað að taka við börnum (16 -18 ára) sem eru komin á menntaskólaaldur. Yfir sumarið reynt að útvega íslenskunámskeið.

Ægir talar um að það þurfi að halda vel utan um þennan hóp. Hann hefur talað fyrir því við Útlendingastofnun og hér í Hafnarfirði að það verði til dæmis hægt að taka alla þessa stráka sem koma hingað einir og þróa verkfni í kringum þá - einhver sem kennir þeim að elda, kennir þeim að sjá um sig, kennir þeim mikilvægi þess að mæta í skólann. Það er eitt af

forvarnarverkefnum sem þau vilja setja í gang. Tekur tíma hjá kerfinu þeirra að melta þetta, svo nýbyrjað.

Börnin sem búa í Bæjarhrauni hafa lítið að gera og eru í raun mikið að leika sér á göngunum í þar, alls ekki gott ástand. Þessir einstaklingar koma jafnvel frá stríðshrjáðum löndum og eru með mikla áfallasögu ásamt því þá er þetta fólk af ólíkum uppruna sem getur valdið spennu. Börnin sem eru í Bæjarhrauninu eru í þessum aðstæðum öllum stundum.

Starfsmenn HOF hafa rætt við starfsfólk hjá Haukum og í Sundfélagi Hafnarfjarðar og geta börnin æft þar en það kemur upp vandi. Hver á að skrá þau? Hver á að borga? Eiga þau íþróttaföt?

Sumir af drengjunum sem hafa komið fylgdarlausir og eru á Bæjarhrauni eru kröftugir og bjarga sér sjálfir og hafa farið í fótboltann hjá FH til dæmis. Það er búið að ræða við þjálfara hjá FH og það gekk vel og gengur vel.

Fjölskyldan sem kom í gegnum fjölskyldusamninginn – börnin í þeirri fjölskyldu eru að æfa með haukum í körfu.

Hvernig ætlum við að gera þetta. Ætlum við að vera með flott barna- og fjölskyldustarf í Hafnarfjarðarbæ en skilja svo óhreinubörnin hennar Evu eftir. Við þurfum að lyfta þeim upp á sama plan og öðrum börnum sem búa á Íslandi, öllum börnum.

Hópar sem hafa ekki efni á æfingagjöldum, hafa ekki efni á íþróttatreyjum, þarf að ýta undir þennan hóp, hvernig ætlum við að styðja við þau. Forvarnargildið í því að grípa þennan hóp og gera það vel er gríðarlega mikið.

Þarf að setja meiri kraft í þennan málaflokk.

Neyðarþjónusta fyrir einstaklingar sem hingað leita

- Göngudeild sóttvarna í Mjódd. Ef þau þurfa að leita sér aðstoðar læknis þá er fyrsti viðkomustaður göngudeild sóttvarna í Mjódd, þar fara þau í skoðun, svo tilmæli um að starfsmenn HOF megi panta tíma fyrir viðkomandi hjá tannlækni vegna tannþínu – þetta ferli gerir það að verkjum að manneskja er þá kannski með tannþínu í 3-4 vikur.
- Kona sem finnur ber í brjósti og hefur kvartar yfir verk í brjóstinu kemst ekki inn á leitarstöð því það þarf að fá leyfi fyrir öllu, allt kostar peninga. Hlutverk þeirra í HOF

er að vera frammúrskarandi í þjónustu. Þróa leiðir til að eyða út sóun á tíma og öðru. Auðvitað á þessi kona ekki að þurfa að bíða eftir því að komast undir læknishendur. Óvissan sem fylgir biðinni um hvort fólk fái stöðu eða verði vísað úr landi er nógu erfið.

- Þarf að taka tillit til þess að verið sé að vinna eftir lögum og ákveðnum rammanum en geta stigið út fyrir það líka án þess að brjóta lög.

Á mánudögum eru starfsmenn HOF alltaf með tveggja tíma viðtalstíma upp á Norðurhelli og fólk getur komið og hitt þau á skrifstofunni þeirra hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Markmiðið er að vinna málin þannig að þau komist hratt í ferli hjá þeim.

Starfsmenn HOF eru að leggja mikið í það að reyna staðla og ferla málin – svo hægt sé að stytta málshraða og veita betri þjónustu. Þau geta þó ekki skipt skipt sér af málsferli Útlendingagastofnunar en geta reynt að pressa á að betur sé haldið utan um börnin þegar þau eru að bíða eftir stöðu, málsmeðferð.

Búin að vera í samstarfi við UNICEF

- Hafnarfjarðarbær að skrifa undir samning við UNICEF og þar talað um að setja upp þróunarverkefni fyrir hælisleitendur.

Ástjarnakirkja bíður upp á íslensku kennslu 1x í viku.

Umræður

Er ekki hægt að koma í gang einhverju ákveðnum félagslegu úrræði fyrir þetta fólk, þar sem fjölskyldan hefur ekkert við að vera oft á tíðum. Börnin eru mikið bara upp í húsnæði. Fara í skóla og svo frístund ef aldur.

- Mikil forvörn í því að fólk geti gert eitthvað á daginn. Fólk sem glímir við þunglyndi, PTSD o.fl. hvernig mun þeim takast til að koma sínum börnum áfram ef það er enginn sem styður við þau til að styðja við börnin, er ekki verið að sinna þessu fólki.
- Það kostar að hafa program fyrir þessa einstaklinga – þarf að vera fagmanneskja sem hefur virkilega áhuga á því að vera með börnunum og þekkja til úr hvaða aðstæðum þau hafa verið að koma. Einhver sem er til staðar. Verðum að tryggja fjármagn til að bæta stöðu þessara einstaklinga.

Sagt frá stöðu í noregi þar sem það er starfsmaður 24/7 í húsnæðinu með fólkinu og er til staðar fyrir þau, getur aðstoðað þau og spjallað.

- Ef það væri einhver þarna uppfrá sem gæti tekið á móti krökkunum og vísað þeim í íþróttir til dæmis.

Sálfræðimeðferð

- Þegar fólk er í hælismeðferð er áfallinu ekkert lokið og erum við bara að plástra á meðan en þau einhversskonar sálgæsla gæti gert mikið gagn, að geta talað við einhver þegar þér líður illa.
- Fullorðnafólkið hafnar meðferðinni líka oft á tíðum, finnst það ekki passa sér. Þá er yfirleitt ekki búið að leysa úr þeirra málum og eru í millibilsástandi sem þau vita ekki hvernig endar.
- Þrjú börn sem fóru í gegnum Grikkland og urðu viðskila við foreldra sína 10/11 ára og dettur inn á hjálparsamtök. Ein stúlkan var látin vinna í nokkra mánuði meðan hjálparsamtökin hjálpuðu henni við að finna fjölskylduna sína, hún var verulega ósátt við það að þurfa vinna. En eftir á talaði hún um að þetta hafi alveg bjargað henni að vera með hlutverk.
- Þegar komin með stöðu þá 2 ár þar sem þau eru í stuðning og fá niðurgreiddan sálfræðikostnað m.a. Hvað getum við gert á meðan, þar til fólk fær stöðu
- Hvað verður þegar þau fá stöðu og fyrstu 2 árin – mikið af karlmönnum sem fara fljótt inn á vinnumarkaðinn en detta fljótt útaf honum aftur, þá eru þeir flestir komnir á vinnumálastofnun. Konur fara hægar út á vinnumarkaðinn og endast betur. Þarf að skoða þetta, þarf að styðja betur við karlmennina?

Hafið þið fengið leiðbeiningar frá hinum norðurlöndunum hvað þetta varðar?

- Svo stórt í sniðum þar, eins og lítil tilraunstofa hér.
- Ekki bara Norðurlönd – eru að fara til Austurríkis – öll félagsþjónustan að fara þangað, þar er mikið verið að vinna með hælisleitendur og flóttafólk.
- Ráðstefna í Lettlandi um andlega heilsu hælisleitanda.
- Þurfa að forgangsraða hvað það er sem þau ætla að byrja á.

Hvatinn til að koma sér útúr húsi vantar – vantar manneskju í þetta sem getur verið til staðar.

Þessi málaflokkur þarf töluvert meiri athygli og fjármagn.

Mikilvægt fyrir fólk að finna að það tilheyri.

Þökkum Ægi kærlega fyrir komuna.

Umræða innan hópsins:

Spurning hvort hægt sé að nýta ungmennahúsið (15-18 ára) að einhverju leyti fyrir unga hælisleitendur og flóttafólk, þar er opin starfsemi, þeir geta bara mætt án þess að skrá sig sérstaklega.

Geir fer yfir íþróttu og tómstundamál

- Frístundastyrkur 125 milljónir
 - 70% barna að nota þennan styrk.
 - Styrkur til 18 ára
 - Hafnarfjarðarbær - frístundastyrkur öðruvísi en margra íþróttafélaga – 4k á mánuði. Þannig reynt að ýta á ársvirkni.
 - Stefna á að hækka styrkinn næsta haust

Félagsmiðstöðvar í öllum skólum

- Í hverjum einasta grunnskóla er félagsmiðstöð og þar er markmiðið að ná til þeirra krakka sem eru ekki í íþróttum, auðvitað er markmiðið að ná til allra barna en það er settur sérstakur fókus á þennan hóp.
- Aðsókn, ekki áhyggjur af aðsókn, einblína á gæði starfsins.
- Miðdeildin verður aðeins útundan, ef þau eru ekki að stunda íþróttir og slíkt, hvað eru þau þá að gera í frítíma sínum. *Mikilvægt að auka starfið í miðdeildunum.*
- Húsnæðið fyrir félagsmiðstöðvar stundum óhentugt – vantar meiri opnun í rýmin.
- Hópastarf – skiptir gríðarlega miklu máli í félagsmiðstöðvum.
 - Ekki í öllum en markmiðið að þetta verðir hluti af starfi félagsmiðstöðva.

- Hópastarf, fyrir nemendur sem eru á jaðrinum. Gert í samstarfi við skólana sem þekkja þessi börn sem eru á jaðrinum. Nóg pláss í öllum skólum til að gera vel í þessu.
 - Dæmi um gott hópastarf. Graffiti hópur - Það var mikið um skemmdarverk útfrá veggjakroti í Hafnarfirði. Þá var farið í það að finna krakkana sem höfðu áhuga á graffiti og þau fengu að mála undirgöng og rafmagnskassa o.fl. með skipulögðum hætti. Skemmdaverka tíðni í sveitarfélaginu minnkaði gríðarlega við þetta.

Skilgreining á hugtakinu forvörn

- Hópurinn fór yfir skilgreiningu á hugtakinu forvörn.
- Tekið saman og gert heildstætt.

Fundi slitið kl. 9.55.

7. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Lóninu, Linnestíg 3,

08. 05. 2019 og hófst kl. 08:30

Fundinn sátu: *Geir Bjarnason*, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundaþjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR.

Farið yfir skýrslugerð.

Áherslur hópsins ræddar.

Niðurstöður hópsins ræddar og tekin ákvörðun um hvernig þær verða birtar í skýrslu hópsins.

Fundi slitið 9:30.

8. fundur

Starfshópur um forvarnir

Fundur haldinn í Lóninu, Linnetstíg 3,

23. 8.2019 og hófst kl. 08:30

Fundinn sátu: *Geir Bjarnason*, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar og formaður hópsins, *Kristjana Jokumsen*, deildarstjóri tómstundaþjónustu Víðistaðaskóla, *María Guðmundsdóttir Gígja*, náms- og starfsráðgjafi Víðistaðaskóla, *Kolbrún Björnsdóttir* náms- og starfsráðgjafi Setbergsskóla, *Anna Sigríður Björnsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Ásdís Hanna Pálsdóttir*, fulltrúi foreldraráðs, *Haukur Haraldsson*, sálfræðingur fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og *Íris Dögg H. Marteinsdóttir*, fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR.

Farið yfir skýrslugerð og uppsetningu hennar. Gengið frá og sannmælt um helstu áherslur hópsins. Skrifað undir skýrsluna.

Nefndarmönnum þökkud vinnan.

Fundi slitið 9:55.

ERINDISBRÉF

fyrir starfshóp um forvarnir í Hafnarfirði, mál nr. 18129524

Í kjölfar ályktunar málþingsins „Ekki barnið mitt“

1. Meginverkefni starfshópsins er að draga upp yfirlit yfir helstu forvarnaverkefni sem unnið er að í Hafnarfirði, safna upplýsingum um forvarnaverkefni sem eru í vinnslu og leggja fram hugmyndir, sé þess þörf að nýjum verkefnum eða nálgunum varðandi forvarnir.
2. Vinna þarf eftirfarandi og hafa í huga:
 - a. Skilgreina hugtakið forvarnir þannig að starfshópurinn hafi sameiginlegan skilning.
 - b. Kalla til aðila sem tengjast forvörnum í Hafnarfirði og fá upplýsingar hjá þeim um verkefni og áherslur viðkomandi aðila. Hópurinn skal kalla til fulltrúa lögreglu, Brúarinnar, fræðslu- og frístundaþjónustu, félagsþjónustu og barnarverndar, fulltrúa heilsugæslu, fulltrúa ungmennaráðs og fleiri aðila sé þess þörf
 - c. Skila af sér skýrslu þar sem helstu forvarnaverkefni og samspil þeirra eru tekin saman. Leggja fram tillögur um leiðir til að efla forvarnir í Hafnarfirði í samvinnu við aðila eins og lögreglu og foreldra
 - d. Að fylgja eftir og hafa markmið heilsubæjarins Hafnarfjörður sem leiðarstef í allri vinnu sinni.
3. Starfshópurinn er skipaður eftir aðilum:
 - a. Tveir fulltrúar sem foreldraráð Hafnarfjarðar skipar
 - b. Fulltrúa félagsþjónustu skipaðan af sviðstjóra fjölskylduþjónustu
 - c. Fulltrúa Brúarinnar sem jafnframt er ritari, skipaður af sviðstjóra fjölskylduþjónustu
 - d. Fulltrúi fræðslu- og frístundaþjónustu, íþróttá- og tómstundafulltrúi sem formann.
 - d. Fulltrúa grunnskóla sem eru úr mismunandi skólum:

Fulltrúa deildarstjóra tómstundamiðstöðva skipaðan af skólastjórum

Fulltrúa námsráðgjafa skipaðan af skólastjórum

Fulltrúa grunnskóla sem er deildarstjóri unglingadeilda skipaður af skólastjórum

4. Hópurinn skal hefja vinnu sína 16. janúar 2019 kl. 8:30 í fundarsalnum Krosseyri Linnetsstíg 3, efstu hæð og þar hittist hópurinn á tveggja vikna fresti. Hópurinn skili yfirliti og tillögum sínum eigi síðar en 25 apríl 2019. Heimilt er að funda í allt að 6 skipti án frekari samþykkis fræðsluráðs. Fundargerðir skulu haldnar af ritara sem sendar eru fræðslustjóra sem leggur þær fyrir fræðsluráð. Formaður boðar til funda.

Hafnarfirði 14. desember 2018

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu
